

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Umsögn um frumvarp til laga um stofnfrumurannsóknir þskj. 799 – 530 mál

Reykjavík 15. febrúar 2007

Ég tel að frumvarp um breytingu á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógun sé mikilvægt fyrir framgang rannsókna í lífvísindum. Í mínum huga er enginn vafi á að nýting fósturvísa, sem fram að þessu hefur verið eytt, sé siðferðilega réttlætanleg að því gefnu að ítrustu varkárni sé gætt.

Eina athugasemd mín lítur að hlutverki Vísindasiðanefndar. Orðalag 5. og 6. greinar frumvarpsins er svo rúmt að ekki verður séð hvernig nefndin geti hafnað umsóknum sem til hennar berast. Ég tel því mikilvægt að sett verði reglugerð sem Vísindasiðanefnd getur byggt mat sitt á.

Virðingarfyllt,



Gísli Ragnarsson,
skólameistari
Fjölbrautaskólans við Ármúla